

Isavia
b.t. Jón Kolbeinn Guðjónsson

Keflavíkurlugvelli 24. mars 2021

Efni: Framkvæmdaleyfi vegna þjónustuvegar/tengingar frá Aðaltorgi og að Pétursvelli.

Skipulagsfulltrúa Keflavíkurlugvallar hefur borist og yfirfarið umsókn Isavia dags. 18. mars 2021 um framkvæmdaleyfi vegna nýs þjónustuvegar frá Aðaltorgi við Reykjanesbraut í Reykjanesbæ og að Pétursvelli innan flugvallarsvæðis Keflavíkurlugvallar auk svæðis (malarpúða) við Pétursvöll sem þjóna mun sem efnislager fyrir fyllingarefni og geymslusvæði.

Framkvæmdin fellst í vinnu og niðurlögn á efni fyrir um 500 m langan þjónustuveg og um 30.000 m² malarplan með mönum við Pétursvöll. Megintilgangur framkvæmdarinnar er að bæta aðgengi verktaka á flugvallarsvæðinu vegna stórra framkvæmda á næstu árum og auka öryggi bílaumferðar á og við flugvallarsvæðið.

Vakin er athygli á að hluti af þjónustuvegi er innan umráðasvæðis Reykjanesbæjar og þarf að sækja viðeigandi leyfi þangað.

Skipulagsnefnd Keflavíkurlugvallar tók erindið fyrir á fundi sínum 22. mars 2021 og samþykkti að veita Isavia ohf framkvæmdaleyfi fyrir verkefninu innan marka Keflavíkurlugvallar. Bókun fundarins er:

Þjónustuvegur – framkvæmdaleyfi

Lagt var fram erindi Isavia, dags. 18.03.2021, þar sem sótt er um framkvæmdaleyfi vegna nýs þjónustuvegar frá Aðaltorgi við Reykjanesbraut að veltengingu við Pétursvöll innan haftasvæðis FLE ásamt malarpúða.

Umrædd framkvæmd er í samræmi við gildandi deiliskipulag. Skipulagsnefndin samþykkti framkvæmdaleyfið.

Hafi framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða fellur leyfið úr gildi. Ef breytingar verða á framkvæmdinni ber að tilkynna þær með útskýringum til skipulagsnefndar Keflavíkurlugvallar.

Framkvæmdaleyfi er gefið út án innheimtu framkvæmdaleyfisgjalds.

Boða skal skipulagsfulltrúa Keflavíkurlugvallar til úttektar í verklok.

Lögð er áhersla á að vinna við verkið verði snyrtileg og fullrar varúðar verði gætt á svæðinu. Lögð er áhersla á að moldarsvæðum sé lokað sem hraðast með sáningu eða öðru til að lágmarka fok og þar með óþægindi sem af verkinu hljóttast. Fylgja skal kröfum deiliskipulags um svæðið.

Minnt er á að verktaki við framkvæmdina þarf að vinna áhættumat vegna framkvæmdarinnar í samráði við Isavia og fá grafrarleyfi Isavia. Ekki eru þekktar neina fornminjar á framkvæmdasvæðinu en ef slíkt finnst skal stöðva framkvæmdir án tafar og hafa samband við Minjastofnun Íslands.



Yfirlitsmynd af verksvæðinu.



Hluti af deiliskipulagi svæðisins.

Virðingarfyllst,

Sveinn Valdimarsson
Skipulagsfulltrúi Keflavíkurflugvallar

Afrit:

Gunnar K. Ottósson og Guðlaugur H. Sigurjónsson, Reykjanesbæ

Guttormur Guttormsson, Páll Svavar Pálsson og Stefán Jónsson, Isavia